

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1872
komudagur 16. 4. 2004

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.
Olúgjald og kílómetragjald o.fl., 849. mál

F.h. P. Samúelssonar hf. vil ég koma eftirfarandi á framfæri;

Varðandi það sem snýr að sölu einkabifreiða þá fögnum við þessu frumvarpi. Við viljum jafnframt leggja á það áherslu að ekki verði gerður skattalegur mismunur á milli olú og bensíns en við erum ekki í aðstöðu til að meta hvort svo sé í þessu frumvarpi. Einnig viljum við vekja athygli á því að þó svo að víða í Evrópu séu dísilbílar álitnir umhverfisvænni þá er því öfugt farið í mörgum öðrum heimsálfum og tækniþróun er mjög ör á þessu sviði.

Munurinn á eiginlegu orkuinnihaldi í dísilolíu og bensíni er ekki mikill, í dísilolíu eru um það bil 42,5 MJ/kg á móti 42,7 MJ/kg í 95 oktana bensíni. Fræðilega þarf 14,5 kg af lofti til að brenna 1 kg af dísilolíu en 14,8 til að brenna 1 kg af 95 oktana bensíni. Það losna um það bil jafn mörg kg af CO₂ hvort sem brennt er dísilolíu eða bensíni.

Sú staðreynd að í dísilvélum er eldsneytinu sprautað beint inn í brunahólfid gerir mögulegt, með nýjustu tölvustýrðum dísilkerfum (common rail), að fá fram jafnan bruna í hlutfallinu 1kg olía á móti 15 kg loft og minnka CO₂ framleiðslu dísilvéla.

Þetta er hægt að gera enn betur í bensínvél sem hefur beina strokkinnspautun eins og dísilvél. Ástæðan er sú að þrátt fyrir tölvustýringu innsprautunnar á dísilvélum byggist dísilvélin alltaf á að sjálfstíkveikja verði í eldsneytinu. Hinum eiginlega kveikitíma verður þess vegna ekki stjórnað jafn auðveldlega og í bensínvél en í henni er íkveikjan þvinguð fram með rafneista og kveikitíminn er ákvarðaður nákvæmlega. Bensínvél með beinni strokkinnspautun getur náð fram jöfnum bruna í eldsneytisblöndu sem er 1:22 og veikari (allt að 1:50).

Toyota, Mitshubishi og VW framleiða nú þegar allir slíkar bensínvélar með beinni strokkinnspautun en geta ekki nýtt tæknina að fullu vegna hás brennisteinsinnihalds í bensíni sem selt er á Evrópumarkaði (150 ppm).

Um áramótin 2004/5 verður ekki leyfilegt að selja bifreiðaeldsneyti í Evrópu sem inniheldur meira en 50 ppm af brennisteini.

Með minnkandi brennisteinsinnihaldi í eldsneytinu aukast möguleikar á að bensínvél verði hreinni en dísilvél með tilliti til CO₂ í útblæstri.

Hvað varðar NO_x mengun í útblæstri er bensínvél mun hreinni en dísilvél en með veikari blöndu eldsneytis hækkar brunahitinn og við það eykst NO_x mengun, munurinn á þessu sviði yrði því eitthvað minni en hann er í dag.

Bestu kveðjur,

Emil Grímsson
P. Samúelsson hf